

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Klapparstígur 29.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 7. september 2017, breytingar á skilmálum deiliskipulags Brynjureits vegna lóðar nr. 29 við Klapparstíg. Í breytingunni felst heimild til að hafa veitingastað í flokki II á jarðhæð að Klapparstíg 29. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Krókháls 13.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 21. september 2017, breytingu á skilmálum deiliskipulags Grafarlækjar-Stekkjarmóa-Djúpadals vegna lóðarinnar nr. 13 við Krókháls. Í breytingunni felst m.a. að í suðurátt verður hús á einni hæð en að norðan og vestanverðu á tveimur hæðum. Akstursrampi neðri hæðar verður við austanvert húsið. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Gylfaflöt 6-8 og 10-12.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 20. september 2017, breytingar á deiliskipulagi fyrir lóðirnar nr. 6-8 og 10-12 við Gylfaflöt. Í breytingunni felst að lóðirnar Gylfaflöt 6-8 verða sameinaðar í eina lóð og lóðirnar Gylfaflöt 10-12 verða sameinaðar í eina lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 29. september 2017.*

**Björn Axelsson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 13. október 2017